

STJÓRN STRÆTÓ BS.

250. fundur. Föstudaginn 26. ágúst 2016 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. í Pönglabakka 4 og hófst hann kl. 11:10. Mætt voru: Heiða Björg Hilmisdóttir stjórnarformaður, Bryndís Haraldsdóttir, Sigrún Edda Jónsdóttir og Sigríður Hulda Jónsdóttir (vm), sem kom á fundinn kl. 12:20, undir máli nr. 4Fjarverandi: Sverrir Óskarsson, Gunnar Valur Gíslason og Einar Birkir Einarsson. Fundinn sat Jóhannes S. Rúnarsson, framkvæmdastjóri og Ástríður Þórðardóttir fjármálastjóri sem ritaði fundargerð.

Dagskrá fundar:

1. Fjárhags- og starfsáætlun 2017
2. Þátttaka Strætó í tilraun með vetnisvagna
3. Gæludýr í Strætó
4. Borgarlínan
5. Starfsáætlun
6. Innra eftirlit, aðgerðaáætlun stjórnenda
7. Hesthál og húsnæði Strætó
8. Niðurstaða í vagnakaupaútbóði

Tekið fyrir:

1. Fjárhags- og starfsáætlun 2017 Umræður um drög að fjárhagsáætlun 2017 en forsendur áætlunarinnar verða til umræðu á eigendafundi Strætó 5. september nk. Ákveðið var að fjármálastjóri leggi fram á næsta fundi tímaáætlun varðandi vinnu við fjárhags- og starfsáætlun 2017-2021.
2. Þátttaka Strætó í tilraun með vetnisvagna Umræður um umhverfissvæna orkugjafa í kjölfar fyrirspurnar frá NýOrku um þátttöku Strætó í tilraunaverkefni um notkun vetnisvagna.
3. Gæludýr í Strætó Áframhaldandi umræður um gæludýr í Strætó frá fundi stjórnar 27. maí sl., þar sem farið var yfir niðurstöður vinnuhóps um hvort leyfa eigi gæludýr í Strætó og greinargerð frá trúnaðarmönnum Strætó varðandi niðurstöður vinnuhópsins. Stjórn felur framkvæmdastjóra að óska eftir umsögn um gæludýr í Strætó frá heilbrigðseftirlitum höfuðborgarsvæðisins.
4. Borgarlínan Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu undirbúnings verkefnisins og hvað sé framundan.
5. Starfsáætlun Umræður um starfsáætlun stjórnar. Samþykkt að framkvæmdastjóri uppfæri starfsáætlun stjórnar í samræmi við umræður á fundinum og leggi fram á næsta stjórnarfundi.
6. Innra eftirlit, aðgerðaáætlun stjórnenda Framkvæmdastjóri fór yfir aðgerðaáætlun stjórnenda í kjölfar skýrslu innri endurskoðenda Strætó, Deloitte. Vísað til áframhaldandi umræðu á næsta fundi stjórnar.
7. Hesthál og húsnæði Strætó Á fundi stjórnar 12. ágúst sl. var erindi, dags 04.08.2016, frá skrifstofu eigna og atvinnuþróunar Reykjavíkurborgar lagt fram. Áframhaldandi umræður um húsnæði Strætó á Hesthálsi og að Pönglabakka 4. Stjórn felur framkvæmdastjóra að svara erindinu í samræmi við umræður á fundinum.
8. Niðurstaða í vagnakaupaútbóði Á fundi stjórnar 29. maí sl. var samþykkt að veita framkvæmdastjóra heimild til að fara í örútbóðsferli um kaup á nýjum strætisvögnum á tímabilinu 2016-2017 í samræmi við gildandi rammSAMning frá 24. febrúar 2014 og með hliðsjón af fjárhagsáætlun Strætó 2016 og 2017.

Í júní 2016 var fundað með rammasamningshöfum og voru örútboðsgögnin afhent. Þann 6. júlí 2016 var haldinn opnunarfundur vegna endurnýjunar strætisvagna. Tilboð bárust frá eftirtöldum rammasamningshöfum:

- Hópbifreiðar Kynnisferða ehf. (VDL)
- BL ehf. (IVECO), tvö tilboð.
- Yutong Eurobus ehf. (YUTONG)
- Aflvélar ehf. (Solaris)

Valnefnd var skipuð til að fara yfir tilboðin. Í henni sitja Ingvar H. Jóhannesson, sviðstjóri rekstrarsviðs Strætó, Ásgeir Þ. Ásgeirsson, tæknisstjóri Strætó, Hafliði R. Jónsson frá VSÓ og Eypóra Geirsdóttir, lögfræðingur hjá Borgarlögmanni.

Tilboð í framangreindu örútboði nr. II hafa verið yfirfarin og metin á grundvelli ákvæðis í kafla 0.3 „Meðferð og mat á tilboðum“ í örútboðsgögnum nr. II, dags. í júní 2016. Eftirfarandi er niðurstaða valnefndar eftir yfirferð:

1.c	Bjóðandi		Líft. kostn.	Stigagjöf
				Heild
	Hópbifreiðar Kynnisferða ehf.	Tilboð 1	99.260.283	76,91
	BL ehf.	Tilboð 1	92.197.064	87,56
	BL ehf.	Tilboð 2	98.676.383	83,01
	Yutong Eurobus ehf.	Tilboð 1	91.339.200	96,41
	Aflvélar ehf.	Tilboð 1	Ógilt tilboð	

Með vísan til greinar 0.3 „Meðferð og mat á tilboðum“ í örútboðsgögnum nr. II, dags. í júní 2016 leggur valnefnd til við stjórn Strætó bs. að taka tilboði Yutong Eurobus ehf. í strætisvagn af gerðinni 1.c. skv. tilboði 1 frá fyrirtækinu, þar sem það tilboð frá Yutong Eurobus ehf. hlaut hæstu einkunn við mat á tilboðum sbr. grein 0.3.2 í fyrrgreindum örútboðsgögnum.

Stjórn samþykkir tillögu valnefndar.

Bent er á að 10 dagar munu líða frá því ákvörðun þessi er tilkynnt bjóðendum þar til tilboð frá Yutong Eurobus ehf. telst endanlega samþykkt. Að þeim tíma liðnum verður önnur tilkynning send til allra rammasamningshafa þar sem fram kemur að ofangreind ákvörðun hafi verið endanlega samþykkt.

Í kjölfarið mun framkvæmdastjóri ganga til samninga við Yutong Eurobus ehf., sbr. samþykkt stjórnar.

Fleira var ekki tekið fyrir.

Fundi slitið kl. 13:30

Heiða Björg Hilmisdóttir

Bryndís Haraldsdóttir
Sigríður Hulda Jónsdóttir

Sigrún Edda Jónsdóttir